

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Bíldshöfði 9, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 24. apríl 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Bíldshöfða 9.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 25. maí 2001*

F.h. Þorvaldar S. Þorvaldssonar skipulagsstjóra,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

31. maí 2001

Nr. 423

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

*Borgartún 24, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 8. maí 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgartún 24.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 31. maí 2001.*

F.h. Þorvaldar S. Þorvaldssonar skipulagsstjóra,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

15. maí 2001

Nr. 424

## AUGLÝSING

### um gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.

*Garðastræti sunnan Túngötu.*

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 5. nóvember 2000, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlagi nr. 50/1987.

Almenn bílastæði við götukant Garðastrætis á svæðinu frá Túngötu að Kirkjugarðsstíg/Hólatorgi, verði gjaldskyld.

Settir verði upp miðamælar á svæðinu með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund í samræmi við staðsetningu stæðanna á gjaldsvæði 2.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Þingholtsstræti sunnan Amtmannsstígs.*

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 26. september 2000, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlagi nr. 50/1987.

Almenn bílastæði við götukant Þingholtsstrætis á svæðinu frá Amtmannsstíg að Hellu-sundi, verði gjaldskyld.

Settur verði upp miðamælir á svæðinu með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund fyrir fyrstu klukkustundina og 20 krónur á klukkustund eftir það, án sérstakra takmarkana á leyfilegum hámarksstöðutíma. Umrædd bílastæði teljist samkvæmt þessu til gjaldsvæðis 3.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 15. maí 2001.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,  
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

Nr. 425

15. maí 2001

## AUGLÝSING

**um breytta gjaldskyldu á bílastæðum í Reykjavík.**

*Nóatún, Brautarholt og Skipholt.*

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 10. apríl 2001, með tilvísun til 10. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík frá febrúar 1988 og 6. og 8. töluliðar 3. gr. samþykktar fyrir samgöngunefnd frá október 2000, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Gjaldskyld bílastæði við Brautarholt (3 stæði) og Skipholt (4 stæði) austan Nóatúns og austanvert við Nóatún (7 stæði) milli Skipholts og Brautarholts, þar sem nú eru stöðumælur sem teljast til gjaldsvæðis 2, verði skilgreint sem gjaldsvæði 1 með tímagjaldið 150 krónur og leyfilegan hámarksstöðutíma 60 mínútur.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

*Reykjavík, 15. maí 2001.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,  
**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**

Nr. 426

20. maí 2001

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi í Vatnsleysustrandarhreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps þann 24. apríl 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Egilsgötu, Marargötu o.fl. í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Vogum, 20. maí 2001.*

F.h. sveitarstjórnar,  
**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.